

GMR Endurvinnslan ehf
Lágmúli 7
108 Reykjavík

Reykjavík, 12. júlí 2019
UST201901-206/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 24. júní 2019 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum sem skráð voru í eftirliti dags 23. maí 2019. Þess var óskað að áætlunin bærist fyrir 15. júlí. Þann 11. júlí barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:


1. **Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Grænt bókhald og útstreymisbókhald vegna ársins 2018 höfðu ekki borist til Umhverfisstofnunar. **Útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi hefur nú verið skilað en undirskrift óháðs endurskoðanda vantar á græna bókhaldið.**
2. **Gr. 4.6 í starfsleyfi.** Rekstraraðili hefur ekki ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar eins og tilskilið er.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er stefnt að því að bregðast við frávikinu fyrir 15. ágúst 2019. Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Gottskálk Friðgeirsson
Fagstjóri



Frigg Thorlacius
Lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis